

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti 22. febrúar 2022 og bæjarstjórn Reykjanesbæjar 15. mars 2022 óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að skipulagssvæðinu er skipt í tvo hluta. Eftir breytingu verða í gildi tvær deiliskipulagsáætlanir í stað einnar, þ.e. annars vegar fyrir orkuvinnslusvæði innan Grindavíkurbæjar og hins vegar Reykjanesbæjar. Núgildandi stefna og skilmálar haldast óbreyttir innan Reykjanesbæjar. Stefna og skilmálar í Grindavíkurbæ eru þeir sömu og eru settir fram í deiliskipulagsbreytingu orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavíkurbæ, dagsett í október 2021, sem hefur hlotið kynningu skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga, og verður auglýst í Stjórnartíðindum samhliða þessari auglýsingu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hjá Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.

*Grindavíkurbæ, 28. mars 2022.*

*Reykjanesbæ, 23. mars 2022.*

**Fannar Jónasson.**

**Kjartan Már Kjartansson.**